

Sþ.

738. Tillaga til þingsályktunar

um heimild handa ríkisstjórninni til þess að bæta tjón vegna svínapestar.

Flutningsmenn: Sigurður Kristjánsson, Einar Olgeirsson, Stefán Jóh. Stefánsson,
Sigfús Sigurhjartarson, Hallgrímur Benediktsson, Magnús Jónsson.

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórn að bæta Högna bónda Halldórssyni, Reykjavík, allt að helmingi þess tjóns, er hann varð fyrir á árinu 1945 við að missa úr pest megnið af bústofni sínum, sökum þess að eigi var til bóluefni til bólusetningar á bústofninum, enda láti ríkisstjórnin áður rannsaka, hve mikið tjónið er.

G r e i n a r g e r ð .

Högni bóndi Halldórsson, Vík Langholtsvegi, Reykjavík, missti árið 1945 139 svín (grísi og fullorðið) úr svínapest, vegna þess að eigi var til efni til bólusetningar á svínunum, en rikið hefur innflutning þess. Er tjón þetta mjög tilfinnanlegt og nemur tugum þúsunda króna fyrir bónda þennan. Og þar sem rikið á hér hlut að málí, virðist rétt, að það bæti að nokkru tjón þetta, enda láti ríkisstjórnin áður rannsaka til fullnustu tildrög þess og hve miklu tjónið nemur.